

Ályktun um menntamál, vísindi og menningu

Sjálfstæðisflokkurinn leggur nú sem fyrr áherslu á mikilvægi menntamála í víðum skilningi, þar sem horft er til grunnmenntunar, framhaldsmenntunar, háskóla- og vísindastarfs og menningarstarfsemi. Mikilvægt er að grundvallarsjónarmið sjálfstæðisstefnunnar njóti sín á þessum sviðum, þar sé sveigjanleiki, fjölbreytni, ábyrgð og valfrelsi í fyrirrúmi. Þeirri grunnreglu sé fylgt að kerfið þjóni einstaklingnum og samfélaginu en ekki að kerfið sjálft ráði för.

Mikilvægt er að standa vörð um gott skólastarf, styðja nemendur í að þroska og uppgötva hæfileika sína, efla færni þeirra og stuðla að vellíðan og gagnkvæmri virðingu í samskiptum. Áhersla sé lögð á fjölbreytni og valfrelsi í menntun og að gæði hennar séu sambærileg við það sem best gerist.

Á undanförunum árum hefur menntastefnan færst frá stífum römmum og samræmdum námskostum til einstak lingsmiðaðra kennsluhátta og sveigjanlegri námshraða. Brýnt er að óháðir aðilar meti árangur af þessum breytingum til að tryggja gæði náms, skilvirkni og hagkvæmni. Lögð er áhersla á mikilvægi rannsóknna á sviði kennslu og náms, sem nýttar séu til framþróunar í skólastarfi. Mat þarf að vera fjölbreytt, þannig að það nái til ólíkrar þekkingar, kunnáttu og færni. Jafnframt þurfa að vera til staðar samræmdir mælikvarðar til viðmiðunar fyrir skólayfirvöld svo hægt sé að meta árangur skóla og skólastiga.

Brýnt er að hagsmunaaðilar byggi upp starfsmatskerfi sem tengir launakjör við fagmennsku og árangur. Auka þarf svigrúm skólastjórnenda til að geta valið starfsmenn eftir hæfni og árangri og umbunað þeim. Tryggja þarf að frelsi ríki hjá kennurum um val á stéttar- og fagfélögum. Kjarasamningar stýri ekki skólastarfi.

Mikilvægt er að nemendur hafi raunverulegt val um skóla starfrækta af einkaaðilum og opinberum aðilum, eða njóti heimakennslu. Fjárframlag hins opinbera til náms fylgi nemanda á öllum skólastigum og val nemandans ráði hvort þetta framlag gangi til opinberra skóla eða fræðslustarfs á vegum einkaaðila. Hvatt er til umræðu um hvort fræðsluskylda eigi að koma í stað skólaskyldu.

Grunnmenntun

Grunnmenntun á leikskóla og grunnskólastigi er mikilvæg fyrir þroska nemenda og undirbúning fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi nútímans. Í lok grunnskóla er mikilvægt að undirbúa börn og unglinga frekar undir að verða þátttakendur í samfélaginu með kennslu um siðferði, réttindi og skyldur fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Koma þarf til móts við ólíkar þarfir nemenda til þess að vekja áhuga og þroska hæfileika þeirra sem best.

Grunnskólar ættu að eiga kost á að bjóða upp á einingakerfi á seinni stigum námsins. Þetta er gert til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda. Nemendur eigi áfram kost á að ljúka framhaldsskólaeiningum í grunnskóla. Lestrarfærni er undirstaða almennrar menntunar sem og virkrar þátttöku í lýðræðis- og upplýsingasamfélagi. Í ljósi kannana þarf að efla kennslu í lestri, með áherslu á árangur beggja kynja. Styðjast skal við gagnreyndar aðferðir við lestrarkennslu.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á forvarnir og stuðning við ungt fólk, m.a. með náms- og starfsráðgjöf, til að sporna gegn brotthvarfi nemenda frá námi á síðari stigum grunnskóla og fyrri stigum framhaldsskóla. Mikilvægt er að sveitarfélög, skólasamfélagið, íþróttafélög, tónlistarskólar og aðrir tómstundaaðilar starfi náið

saman og vinni markvisst að samræmingu skóladags og tómstundatíma með það að leiðarljósi að auka samverutíma barna og foreldra.

Hefja þarf kennslu í erlendum tungumálum í grunnskóla fyrr en nú er.

Auka þarf áherslu á raungreinar í grunnskólanámi og hvetja til skapandi hugsunar.

Nauðsynlegt er að styrkja kennslu um grunnatriði persónulegra fjármála.

Lögð verði áhersla á að menntastofnanir nýti upplýsingatækni í allri menntun og að vinnubrögðum verði háttáð eins og þau gerast best á hverjum tíma.

Skólar verði skyldugir til að framfylgja viðurkenndri eineltisáætlun.

Fjármagn til kaupa og gerðar námsgagna fylgi skólum, sem ráðstafi fjármagninu að eigin vali og það sé ekki bundið kaupum efnis frá Námsgagnastofnun.

Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf

Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að öflugt íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sé stundað um land allt. Mikilvægt er að halda áfram að efla frjáls félagasamtök sem að því starfi standa.

Ljóst er að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf hefur mikið forvarnargildi fyrir börn og ungmenni og í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu í dag er full ástæða til að efla þetta forvarnarstarf enn frekar.

Mikilvægt er að efla stuðning ríkisvaldsins við sérsambönd og héraðs- og íþróttabandalög, ferðasjóð íþróttahreyfingarinnar og íþróttaslysasjóð.

Gera þarf þeim félagasamtökum sem starfa að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi kleift að standa faglega að menntun þeirra sem starfa innan þessarar hreyfingar.

Mikilvægt er að opinber stuðningur við afreksíþróttir í landinu verði eflur þannig að íslenskir afreksíþróttamenn geti keppt á alþjóðlegum vettvangi. Íslenskir afreksíþróttamenn gefa jákvæða mynd af landi og þjóð og í því felast mikil verðmæti.

Leggja þarf áherslu á að jafnræðis sé gætt þegar fjárveitingum hins opinbera er úthlutað.

Framhaldsmenntun

Mikilvægt er að nemendur geti valið framhaldsskóla óháð búsetu. Þannig geti nemendur valið sér skóla eftir námsáherslum, sérhæfingu í t.d. list- eða verkgreinum, bekkjar- eða fjölbrautakerfi, eða öðrum þáttum og eru þannig ekki bundnir því sem boðið er í nágrenni heimilis þeirra. Framhaldsskólinn þarf að skilgreina inntökuviðmið sín til að tryggja jöfn tækifæri nemenda.

Ályktun um menntamál, vísindi og menningu

Meðal helstu áskorana 21. aldarinnar er aukin þörf fyrir sköpunarkraft og ímyndunarafl. Skapandi nám þarf að efla á öllum skólastigum. Nám alla ævi er stór þáttur í að efla hæfni fólks til atvinnuþátttöku, félagslega færni og persónulegan þroska. Leggja þarf sérstaka áherslu á skapandi nám, verkmennta-, tækni- og raungreinar á öllum skólastigum. Þannig má tryggja hag og stöðu nemanda. Símenntunarstöðvar á landsbyggðinni hafa gegnt veigamiklu hlutverki í þessu sambandi með markvissri og árangursríkri starfsemi og samstarfi milli atvinnulífs og skóla.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á eftirfarandi:

Lögum um framhaldsskóla verði komið í framkvæmd eins fljótt og auðið er.

Gæðamat á skólastarfi verði eftt með markvissum samanburði innanlands og við útlönd, með það að markmiði að greina hvar tækifæri til framfara eru hverju sinni.

Fræðslu og kynningu iðn-, verk- og starfsnáms.

Starfsnám og bóknám, sérhæft og þverfaglegt, verði í boði í framhaldsskólum sem víðast um landið.

Gera þurfi breytingar á starfsmannalögum og kjarasamningum til að auðvelda skólastarf í þeim tilgangi að auka gæði.

Að skólar verði reknir eins og fyrirtæki á samkeppnismarkaði og nemendum standi til boða að velja sér nám eins og almennum neytanda.

Forvarnir og heilsurækt verði eflað á öllum skólastigum.

Samrekstur skólastofnana verði tekinn upp þar sem það hentar.

Starf milli skólastiga verði betur samþætt og kynning á námi og atvinnutækifærum fari fram tímanlega á skólagöngunni.

Nemendur hafi val um framhaldsskóla óháð búsetu.

Háskólar, vísindi og nýsköpun í atvinnulífi

Mikilvægt er að stjórnkerfi háskólanna sé, skilvirkt og gegnsætt og að yfirvöld styðji við vísinda- og fræðastörf m.a. með greiðu aðgengi að fagritum. Tryggja þarf að rannsóknir standist alþjóðleg gæðaviðmið og að nemendur geti treyst því að nám þeirra sé samkeppnishæft á alþjóðavettvangi. Landsfundur leggur áherslu á virkt samstarf skóla, atvinnufyrirtækja, sjálfstæðra rannsóknastofnana og erlendra sem innlendra háskóla til að miðla þekkingu og rannsóknum til samfélagsins og efla nýsköpun.

Samkeppni á háskólastigi hefur haft jákvæð áhrif fyrir íslenskt samfélag, aukið valfrelsi nemenda og gæði háskólastarfs. Miðað við stærð samfélagsins er fjöldi háskóla héraendis orðinn mikill og ástæða er til að finna leiðir til hagræðingar. Veita á opinberum háskólum auknar heimildir til töku gjalda fyrir aðgang að námi. Minnt er á að nám er fjárfesting fyrir bæði nemendur og samfélagið og því er mikilvægt að hvorir veggja taki þátt í fjármögnun þess.

Öflug nýsköpun er ein af meginforsendum endurreisnar íslensks efnahags- og atvinnulífs. Nauðsynlegt er að efla arðbæra nýsköpun með því að hlúa að rannsóknum, tækniþróun og verkþekkingu. Stjórnvöld eru hvött til að stórauka vægi rannsóknna- og tækniþróunar í íslensku atvinnulífi og samræma aðgerðir hins opinbera og einkaaðila í nýsköpun á öllum sviðum þjóðlífsins. Stjórnvöld eiga að beita sér fyrir að tryggja gott

starfs umhverfi frumkvöðla og fyrirtækja sem stunda nýsköpun á Íslandi.

Stór hluti opinberra framlaga til rannsókna og nýsköpunar er bundinn í ríkisreknum rannsóknastofnunum. Öflugir rannsókn- og nýsköpunarsjóðir eru enn undir stjórn einstakra atvinnuvegaráðuneyta. Þessu fé þarf að veita til samkeppnissjóða til þess að fjármagni sé enn frekar veitt til þeirrar starfsemi og verkefna sem talin eru mikilvægust hverju sinni.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á eftirfarandi:

Sérstaklega verði stuðlað að rannsóknum og þróun á sviðum sem tengjast atvinnulífi þjóðarinnar og í greinum þar sem Ísland hefur sérstöðu eða einstök tækifæri.

Fjármagn verði fært frá föstum framlögum málaflokka og stofnana til samkeppnissjóða.

Erlendu fagfólki verði auðveldað að hefja störf hérlendis.

Skapað verði stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja í gegnum öflugan samkeppnissjóð þar sem einkaaðilar fjárfesta í nýsköpun á mótinu opinbera, meðal annars með „krónu á móti krónu“ fyrirkomulagi.

Einkaaðilum verði í auknum mæli falið að sinna stuðningi við nýsköpun og sjá um opinberan fjárstuðning við sprotafyrirtæki, sem fari fram með samkeppnis- eða útboðsfyrirkomulagi.

Lánakerfi og úthlutunarreglur LÍN verði endurskoðaðar í þeim tilgangi að hvetja fólk til menntunar og til að snúa heim að námi loknu erlendis.

Menning

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi menningararfs þjóðarinnar og gildi hans. Íslensk tunga er eitt helsta sameiningartákn þjóðarinnar. Landsfundur leggur áherslu á að nýbúar hafi góð tækifæri og stuðning til að læra íslensku og kynna sér sögu og menningararf þjóðarinnar, því vald á tungumálinu og þekking á grunnstoðum þjóðfélagsins er mikilvægur þáttur í aðlögun að íslensku samfélagi.

Fjölmíðlar eru snar þáttur í daglegu lífi fólks. Sjálfstæði þeirra og trúverðugleiki er mikilvægur til að tryggja lýðræðislega umræðu. Rekstur ríkisins á fjölmíðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrar grundvelli annarra fjölmíðla. Nefskattur RÚV verði lagður niður og RÚV selji aðgang að sínu efni eins og aðrar stöðvar og geti einnig haft tekjur af auglýsingum.

Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að lista- og menningarlífi þjóðarinnar og standa vörð um menningar stofnanir, sem margar hverjar búa að áratuga þekkingu og reynslu. Mikilvægt er að opinber stuðningur við lista- og menningarstarfsemi, eins og aðrar atvinnugreinar, sé ævinlega gegnsær og byggður á traustum faglegum og fjárhagslegum forsendum. Með kynningu íslenskrar menningar má gefa jákvæða mynd af landi og þjóð og í henni geta falist fjölbreytileg verðmæti.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á eftirfarandi:

Íslenska verði lögfest í stjórnarskrá sem þjóðtunga.

Lög verði sett sem tryggi gegnsæi varðandi eignarhald fjölmíðla.

Gögn og efni sem ríkisfjölmiðlar búa yfir verði gerð aðgengileg almenningi.

Ályktun um menntamál, vísindi og menningu

Lög um listamannalaun verði endurskoðuð, m.a. með það að markmiði að taka upp verkefnatengda listsköpunarsjóði.